

Sp.

104. Tillaga til þingsályktunar

[63. mál]

um heymjölsværksmiðju.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því, hvort æskilegt er, að komið verði upp heymjölsværksmiðju með það fyrir augum að draga úr notkun á innfluttu kjarnfóðri. Einnig skal athugun sú, sem fram fer, leiða í ljós, hvar rekstrarskilyrði eru hagkvæmust fyrir værksmiðjuna.

Greinargerð.

Árlega er miklum gjaldeyri varið til kaupa á innfluttu kjarnfóðri. Þótt rækta mætti fóðurkorn í landinu, er víst, að það verður ekki almennt gert í náinni framtíð. Til þess að það mætti verða, þyrftu bændur að hafa meiri vinnukraft en nú gerist. Landbúnaðurinn mun því framvegis nota erlent kjarnfóður, eftir því sem föng eru á.

Líklegt má telja, að með því að koma upp heymjölsværksmiðju á heppilegum stað, mætti draga úr innflutningi á erlendu kjarnfóðri og spara á þann hátt erlendan gjaldeyri. Í fóðurlöndu fyrir mjólkurkúr má nota allt að $\frac{1}{3}$ heymjöl. Er talið, að slík blanda sé ekki verri en það fóður, sem venjulega er notað. Fyrir annan búpening en mjólkurkúr væri ekki þörf á erlendu kjarnfóðri, ef heymjöl væri fyrir hendi.

Af þessu er augljóst, að heymjölsværksmiðja getur orðið mikið þjóðþrífafyrirtæki, ef rétt er að öllu farið frá byrjun. Værksmiðjuna verður að byggja þar, sem landrými er mikið og þar sem grasrækt er auðveld og ódýr. Mál þetta hefur verið rætt við Pál Sveinsson sandgræðslustjóra, og hefur hann bent á, að hvergi væri betri aðstaða en á Rangársöndum, sem nú er verið að rækta upp og gera að graslendi.

Það land, sem Sandgræðsla ríkisins hefur til umráða á Rangársöndum, mun vera um 6000 hektara landflæmi. Ef gert er ráð fyrir, að 3 tn. af heymjöli fáiast af ha., fengist alls af þessu landi 18 þúsund tonn. Stærð værksmiðjunnar ætti að miða við, að hún gæti unnið úr því grasi, sem af þessu landi fengist.

Ekki er fyllilega ljóst, hver stofnkostnaður slíkrar værksmiðju er. En fullyrða má, að hann mun ekki nálgast hálf tugaraverð. Nauðsynlegt er að gera nú þegar byrjunarráðstafanir með því að fela sérfróðum mönnum fullnaðarrannsókn á því, hvort þær björtu vonir, sem ýmsir tengja við heymjölsværksmiðju hér á landi, hafi við rök að styðjast. Leiði rannsóknin í ljós, að svo er, ber að gera ráðstafanir til þess, að framkvæmdir geti hafizt sem allra fyrst.